

Inntökuáætlun

Inntökunefnd

Inntökunefnd skipa tveir fulltrúar úr starfsmannaráði, valdir að hausti eitt ár í senn.

Hlutverk nefndarinnar er:

1. Halda utan um inntökuferli 1. bekkjar (biðlista sem og nýjar umsóknir)
2. Halda utan um inntökuferli 2.-10. bekkjar ásamt bekkjakennara
3. Halda reiður á umsóknum og öðrum tilheyrandi skrifræði umsóknar

Inntökuferli

- fyrirspurnir um skólavist berast til inntökunefndar í gegnum heimasíðu skólans,
- foreldrar/forráðamenn upplýstir um inntökuferli skólans í netpósti,
- inntökunefnd boðar foreldra og barn til inntökufundar ef laust er í umsóknarbekk,
- ef fullskipað er í bekki er hægt að óska eftir að setja barna á biðlista,
- börn með lögheimili í Kópavogi njóta forgangs,
- í viðtali við foreldra eru til staðar einn fulltrúi úr inntökunefnd ásamt bekkjakennara,
- fyrirkomulag skólastarfs og helstu áherslur í kennslu- og uppeldisfræði Waldorfskólans kynnt fyrir foreldrum/forráðamönnum,
- foreldrar/forráðamenn eru upplýstir um hlutverk og skyldur foreldra innan skólasamfélagsins,
- óskað er eftir væntingum foreldra/forráðamanna til skólans,
- fengið er leyfi fyrir að afla upplýsingar úr skóla barns um námslega og félagslega stöðu þess,
- inntökunefnd fer yfir fyrirbyggjandi upplýsingar og gerir samantekt,
- samantektin er tekin fyrir á starfsmannafundi, en þar er metið hvort skólinn sjái sér fært að mæta þörfum barns og svigrúm sé til að bæta barn í umsóknarbekk,
- bekkjakennari eða fulltrúi úr inntökunefnd hefur samband við umsækjanda og greinir frá niðurstöðu,
- barn hefur skólagöngu sína í upphafi haust- eða vorannar nema um annað sé samið.